

## A 1857/tillväxt

Flytjandi	Norræn vinstri græn
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga um aðgerðir til að hamla á móti brotastarfsemi í byggingariðnaði****Tillaga**

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum um

að þær komi á fót landsbundnum skráum yfir fyrirtæki í byggingariðnaði til nota í opinberum útboðum og útboðum einkaaðila

að skrárnar geymi eftirfarandi upplýsingar: Persónu- og fyrirtækjaskatt, raunverulegt eignarhald á fyrirtæki, fyrirtækjabókhald, gjaldþrot og gjaldþrotasögu með og án persónuupplýsinga, virðisaukaskatts- og skattgreiðslur, skuldir við hið opinbera

að leyfður verði gagnkvæmur norrænn aðgangur að þessum skráum í löndunum

að gildandi löggjöf verði endurskoðuð svo að hefja megi skráningu þessa í löndunum og gagnkvæman norrænan aðgang að skránum

að kveðið verði á um endurskoðunarskyldu allra fyrirtækja, einnig sjálfstætt starfandi

**Bakgrunnur**

Norrænt samstarf stéttarféлага byggingarverkamanna í Svíþjóð, Danmörku og Noregi hefur orðið til að varpa ljósi á umfang félagslegra undirboða og slæmt vinnuumhverfi í byggingariðnaði. Þeim hefur tekist að svipta hulunni af peningaþvætti, mansali, sniðgöngu skatta og gjalda, bótasvikum, raðgjaldþrotum og leppmennsku og að auki hvernig framangreint hefur orðið hluti af brotastarfsemi í geiranum sem teygir sig yfir landamæri. Stjórnvöld skortir fullnægjandi tól til að fylgja þessari þróun eftir.

Í því felast norrænir hagsmunir og norrænt notagildi að efla aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Opinberir og einkareknir útboðsgjafar telja þörf á að vinsa burt óheiðarleg fyrirtæki við útboð sín. Hvorki samfélög okkar né heiðarleg fyrirtæki sem standa skil á sköttum sínum hagnast á vinnumarkaði sem byggist á skökku samkeppnisumhverfi þar sem aðilar þrífast sem reka fyrirtæki sín með líkum hætti og mafían starfar.



Árið 2019 var fyrir tilstuðlan Norðurlandaráðs send skrifleg fyrirspurn til ríkisstjórna á Norðurlöndum um ráðstafanir sem beitt er gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Svörin sýna að aðgerðir einstakra landa á fjölda sviða takmarkast af löggjöf och starfsvenjum sem ekki hafa þróast í takt við glæpina, ekki síst hvað varðar möguleika til að rekja slóð fyrirtækja milli landa á Norðurlöndum. Hér má beita skapandi hugsun.

Norræn vinstri græn leggja til að öll norrænu ríkin haldi skrár um skattgreiðslur fyrirtækja og raunverulegt eignarhald ásamt fyrirtækjabókhalda og upplýsingum um skuldir og gjaldþrotasögu. Eins og nú er ástatt safna mismunandi stjórnvöld þessum upplýsingum. Þessum skrár eiga norrænu löndin að geta deilt með sér. Auk þess ætti að kveða á um endurskoðunarskyldu allra fyrirtækja, einnig sjálfstætt starfandi.

Ríkisstjórnunum á Norðurlöndum ber að beita sér fyrir samningnum á heimavelli og á vettvangi ESB. Þá ber norrænu löndunum að endurskoða innlenda löggjöf um ríkisfjárfestingar utan Norðurlanda og semja framkvæmdaáætlanir sem koma í veg fyrir að fjárfestingarnar bitni á mannréttindum í fjárfestingarlandinu en vernda eignarrétt fólksins yfir náttúruauðlindunum.

Norðurlöndum, 30. september 2020

*Christian Juhl (Ø)*

*Daniel Riazat (V)*

*Freddy André Øvstegård (SV)*

*Høgni Hoydal (T)*

*Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)*

*Lorena Delgado Varas (V)*

*Rasmus Nordqvist (SF)*

*Sofia Geisler (IA)*

*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*

*Veronika Honkasalo (VF)*